

Viðtakandi: Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns vegna skóladagatala

Dags: 6. mars 2023

Málsnúmer: 202301097/13.1.2

Sendandi: Jóhanna Magnúsdóttir verkefnastjóri grunnskólamála

Tillaga:

Lagt er til að fræðslunefnd staðfesti framlögð skóladagatöl fyrir skólaárið 2023 – 2024. Vakin er athygli á skóladagatali Krikaskóla og á yngsta stigi Helgafellsskóla þar sem lagt er til að skóladagar verði 190 að ósk skólastjóra.

Greinargerð:

Skólastjórar Krikaskóla og Helgafellsskóla hafa óskað eindregið eftir því að skóladögum verði fækkað úr 200 í 190 daga þetta skólaárið og er rökstuðningur og skýringar þeirra á tilkomu breytinganna settar fram hér neðar.

Samkvæmt starfsáætlun fræðslunefndar þá var gert ráð fyrir að 200 daga skólaskylda í Krikaskóla og Helgafellsskóla yrði skoðuð og endurmetin í samráði við hagaðila. Stefnt er að því að sú endurskoðun fari í gang á næstu vikum og ákvörðun núna um 190 daga skóladagatal á næsta skólaári hefur ekki áhrif á það.

Skýringar skólastjóra Krikaskóla og Helgafellsskóla vegna óska um breytingu á skóladagatali fyrir skólaárið 2023-24.

Við undirbúning að starfsemi Krikaskóla á árunum 2007 og 2008 lágu nokkrar forsendur fyrir þeirri ákvörðun að gera tilraun með 200 daga skóladagatal. Nokkrar þeirra voru að leggja í samþættingu milli leikskóla og grunnskóla til að gera einn heildstæðan skóla. Skóladagatöl leikskólans og grunnskólans voru og eru nokkuð ólík bæði að lengd og gerð. 200 daga skóladagatal var því ákveðin málamiðlun þar á milli til að setja skólanum einn ytri tímaramma. Að sama skapi var talið æskilegt að blanda betur saman frístundastarfi og grunnskólastarfi. Með þeim hætti væri möguleiki að fá mýkri skóladag fyrir börnin með auknum tíma og að störf þeirra sérfræðinga sem starfa innan skólans sköruðust með nýjum hætti. Með þessu móti væri einnig möguleiki að brjóta upp starfið í skólanum með fjölbreyttum kennsluháttum og starfsfólk fengi tækifæri til að starfa í þverfaglegum teyimum sem mynduðu þannig heild um skólastarfið. Lagt var einnig upp með enga eða fáa skerta daga í skólastarfinu s.s. foreldraviðtalsdaga og jólagemmtun barnanna. Öllum þessum þáttum hefur verið náð fram í Krikaskóla. Samfella ríkir um skólastarfið fyrir börnin og þverfagleg teymi taka höndum saman til að mynda heildstæðan dag fyrir börnin.

Hins vegar hefur orðið skólaþróun í landinu öllu sem taka þarf tillit til núna. Fjölbreyttar kennsluaðferðir, útikennsla og uppbrot í skólastarfi hefur skapað sér æ ríkari sess almennt í skólum ásamt teymisvinnu kennara.

Eins og fram hefur komið áður er erfiðleikum bundið að koma fyrir 200 starfsdögum grunnskólakennara yfir árið án þess að skólaárið færist alltaf til um nokkra daga á ári. Hingað til hefur það verið stillt af með breytingum á vetrarfríum, færri dögum eða öðrum slíkum leiðum. Orlof á opinberum markaði hafa breyst og eins hefur vetrarfrí á höfuðborgarsvæðinu verið samræmt. Starfsdögum í leikskólastarfi hefur fjölgað á þessum árum. Tilboð á frístundastarfi fyrir börn hefur einnig tekið miklum stakkaskiptum, bæði að gæðum og frístundaávisanir orðið almennar hjá sveitarfélögum. Þörfin fyrir lengra skólaári hefur þannig breyst og þarfir fjölskyldna ekki eins knýjandi eins og á eftirhruns árunum. Við 200 daga skólaárið hafa komið fram gagnrýnisraddir sem m.a. hafa bent á að skólaskyldan sé útfærð yfir á frístundastarf sem geri auknar kröfur til fjölskyldna. Þjónusta sé mismunandi milli skólanna og að erfiðleikar séu við aðra frístundaiðkun barna s.s. hjá Aftureldingu eða Listaskóla þar sem starfstími og dagur skólanna sé ekki samræmdur. Kjarasamningur grunnskólakennara er samsettur með árstíðabundnum verkefnum og við höfum ekki náð að uppfylla alla þætti hans eins og endurmenntunardaga að sumri.

Þegar Helgafellsskóli hóf starfsemi var ákveðið að taka þar upp 200 daga líkt og í Krikaskóla. Á þeim tíma sem skólinn hóf starfsemi var 1. – 5. bekkur í skólanum. Þá voru 1. – 4. bekkur í 200 daga skóla og 5. bekkur í 180 daga skóla. Nú fjórum árum síðar eru 1. – 9. bekkur í skólanum og mjög flókið að halda úti þessum tveimur skóladagatölum í grunnskóladeild skólans og þriðja dagatalsins í leikskóladeildinni. Þeir kennarar sem kenna þvert á skólann (t.d. sérgreinakennarar og sérkennarar) þurfa að vera í öðru hvoru kerfinu þ.e. 180 eða 200 daga. Það gerir það að verkum að ekki eru allir kennara mættir til kennslu þegar 1. – 4. bekkur byrjar sitt skólaár og í síðustu tveimur vikum skólaársins eru einhverjir kennara búnir að ljúka sínu skólaári en aðrir sem kenna bara hluta sinna tíma af því eldri nemendur eru búnir að ljúka sínu skólaári. Þegar kennarahópur skólans er bæði í 180 og 200 daga kerfum er engir sameiginlegir starfsdagar í upphafi og við lok skólaársins og er það mikill ókostur þar sem verið er að leggja drög að starfinu yfir skólaárið og mikilvægt að allir kennarar geti unnið saman.

Við þá breytingu sem lögð er til á skóladagatalinu fyrir 2023 – 2024 er hægt að halda í hluta þeirra gæða sem þróunarstarfið síðustu 15 ár hefur gefið af sér. Samfellda þjónustu við öll börn og fjölskyldur þeirra. Í stað þeirra 10 daga sem um ræðir kæmi alltaf til frístundaþjónusta sem stæði foreldrum sem þess þurfa til boða. Hins vegar væri þá um val að ræða en ekki skólaskyldu. Lagt væri upp með að hefja skólaárið á sama tíma og verið hefur um miðjan ágúst ár hvert en ljúka því um miðjan júní í stað í lok júní eins og verið hefur. Það er tíminn sem annað íþróttastarf hefur orðið þess valdandi að þó nokkuð er sótt í að börnin fái leyfi frá skóla.

Samantekt

Rósa Ingvarsdóttir, skólastjóri Helgafellsskóla
Þrúður Hjelm, skólastjóri Krikaskóla

*Virðingarfyllst,
Gunnhildur Sæmundsdóttir
framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs*